

## 13. gr.

Rétt er félagsmálaráðherra að láta flytja þá erlendu menn, ásamt skylduliði, af landi brott, er teknir eru að stunda atvinnu eða atvinnurekstur hér á landi gagnstætt ákvæðum laga þessara, hvort sem þeir eru á sínum vegum eða annarra, og skal sá flutningur vera á kostnað þess er hefur ráðið þá til sín, en ella á eigin kostnað.

## 14. gr.

Mál út af brotum gegn lögum þessum skulu sæta opinberri meðferð  
Í reglugerð getur ráðherra sett nánari fyrirmæli um framkvæmd laga þessara.

## 15. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 39 15. mars 1951 um rétt erlendra manna til að stunda atvinnu á Íslandi.

## 16. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 14. apríl 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*

## LÖG

**um breyting á lögum um Innheimtustofnun sveitarfélaga, nr. 54 6. apríl 1971.**

FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

## 1. gr.

2. mgr. 3. gr. laganna orðist svo:

Innheimtustofnunin getur tekið að sér, gegn greiðslu, hvers konar innheimtur fyrir einstök sveitarfélög, einkum þó innheimtu á sveitarsjóðaskuldum manna, sem fluttir eru brott úr sveitarfélagi. Stofnunin getur enn fremur, að beiðni ráðuneyta, með sama hætti tekið að sér innheimtu meðlagsskulda erlendra ríkisborgara búsettra hér á landi og meðlög, sem greidd eru erlendis vegna íslenskra ríkisborgara.

## 2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 30. apríl 1982.*

**Vigdís Finnbogadóttir.**

(L. S.)

*Svavar Gestsson.*